

L Ö G

103

23. des.

um breyting á lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimild 1. gr. laga nr. 59 7. maí 1946 til sérstakra afskrifta skal einnig ná til eigna af þeirri tegund, sem þar eru taldar og teknar verða í fyrstu notkun á árunum 1951, 1952 og 1953.

Öll önnur ákvæði fyrrgreindra laga gilda einnig um þessar eignir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

104

23. des.

um breyting á lögum nr. 102 30. des. 1943, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „allt að 60% af fasteignamati þeirra“ í 1. mgr. 6. gr. komi: samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.